

**Nd.**

**352. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 61, 14. júní 1929, um einkasölu á síld.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. ásamt brtt. við það á þskj. 96, frá jafnaðarmönnum. Hefir hún fallizt á að mæla með því, að það verði samþykkt með

nokkrum breytingum, sem i aðalatriðum eru samhljóða áður nefndum brtt. Þótti því nefndinni rétt að leggja þær til grundvallar, og mælir hún með því, að brtt. á þskj. 96 verði samþykktar með svo hljóðandi

#### BREYTINGUM:

1. Við 5. lið. Orðin »sjómanna« o. s. frv. i niðurlagi málsgr. falli burt.
2. Við 6. lið. Liðurinn orðist svo:

Aðalfund sækja 14 kjörnir fulltrúar. Skulu 7 kosnir af þeim útgerðarmönnum, er skip gerðu út á sildveiðar og lögðu inn sild til einkasölunnar næsta ár á undan kosningu, og greiðist eitt atkvæði fyrir hvert skip. 7 skulu kjörnir af sjómannafélögum landsins. Útgerðarmenn sunnanlands kjósa 2 fulltrúa, útgerðarmenn vestanlands 1, útgerðarmenn norðanlands 3 og útgerðarmenn austanlands 1. Á sama hátt kjósa sjómannafélög sunnanlands 2, sjómannafélög vestanlands 1, sjómannafélög norðanlands 3 og sjómannafélög austanlands 1. Fer kosningin að öðru leyti fram eftir reglum, er atvinnumálaráðherra setur. Jafnmargir varamenn skulu kosnir af sömu aðiljum og á sama hátt. Þar, sem kosnir eru fleiri en einn fulltrúi, skal hafa hlutfallskosningu.

Alþingi, 18. ágúst 1931.

Sveinn Ólafsson, form.	Bjarni Ásgeirsson, frsm.	Jóhann P. Jósefsson, fundaskrifari.
Guðbr. Ísberg.	Ásg. Ásgeirsson.	